

## **55. Fundur Menningarmálanefndar Skaftárhrepps 14.11. 2014.**

Fundur settur kl. 10:00 í Kirkjubæjarstofu

Mætt voru: Sandra Brá Jóhannsdóttir, Ingólfur Hartvigsson, Eyrún Elvarsdóttir ritari, Eygló Kristjánsdóttir sveitastjóri og Björk Ingimundardóttir.

Formaður setur fund.

### **Dagskrá:**

#### **1. Fjárhagsáætlun 2015:**

Drög að fjárhagsáætlun 2015 lögð fram til kynningar og umræðu. Eygló fór yfir drög að fjárhagsáætlun og fjárhagsstöðu fyrstu 9 mánuði ársins

Eitt og annað framreiknað sem ekki á að vera þar, eitthvað gæti jafnvel lækkað. Liðurinn laun lækka og færast niður á Kammertónleikana.

Björk Ingimundardóttir fer yfir bréf sem að hún sendi varðandi bókasafnið. Björk óskar þar eftir auknu fjármagni til bókasafnsins, þar er ýmislegt sem þarf að laga, eðlilegt viðhald. Einnig þyrfti að merkja bókasafnið að utan. Björk leggur til að starfshlutfall hennar sem umsjónarmaður bókasafnsins verði hækkað í 55% starfshlutfall, þá er miðað við 4 auka klukkutíma á viku í laun. Ástæðan fyrir því að það þarf að fara í gegnum allt safnið og grisja, fara yfir skjöl og finna geymslupláss, þar sem safnið er orðið yfir fullt. Menningarmálanefnd leggur það til að þetta verði tekið fyrir við fjárhagsáætlunargerð.

Jól og áramót: Áramótabrennan, samið hefur verið við björgunarsveitina um uppsetningu, íkveikju og tiltekt eftir brennu.

Menningarmálanefnd fer fram á að sett verði upp jólaljós á jólatréð.

Styrkur vegna Guðnasjóðar, formaður fer fram á að tekið verði saman hvað ætti að vera eftir í honum og að hann ætti að færast á milli ára vegna þess að hann var eyrnamerkur menningarmálanefnd á sínum tíma. (2011) Mikilvægt fyrir menningarmálanend að vita hvað tilheyrir henni upp á framhaldið til að mynda þegar sækja á um styrk.

Múlakotsskóli vatnsafnot frá Múlakoti, spurning hvort að einhver samningur hefur verið gerður.

Farið var yfir breytingu hvað varðar félagsheimilin í hreppnum, gera á gjaldskrá fyrir bæði Tungusel og Kirkjuhol og einnig er rekstur húsanna í endurskoðun hjá sveitastjórn.

#### **2. Héraðsbókasafnið:**

Björk las upp bréfið sem hún sendi til sveitastjórnar.

Til gamans nefndi Björk að það hafi verið 290 bækur í útlánum í október. Björk er búin að hafa samband við Ófeig rithöfund og hann vill endilega koma og kynna nýju bókina sína Örnefi, hann er tilbúinn að koma miðvikudaginn 27.11. 2014. Bókasafnið greiðir fyrir hann gistingun. Björk ætlar að auglýsa þennann viðburð.

### 3. Nýliðin Uppskeru- og þakkarhátíð:

Mjög vel sótt á alla viðburði. Hafa í huga fyrir næsta ár að hækka gjaldið á Pálínuboðið. Ingólfur kom með hugmynd um að sett verði upp lægsta boð og fólki frjálst að greiða hærri framlög til styrktar viðfangsefni uppskeruhátíðarinnar. Spurning kom upp um að á næsta ári að breytt verði vinnuferlinu við að finna málstað til að styrkja, að það verði auglýst og að samfélagið fái að taka þátt í því að velja viðfangsefni sem á að styrkja. Kom beiðni fyrir næsta ár með að hafa hrútasýningu, vel var tekið í það.

### 4. Sægreifinn:

Formaður greindi frá því að haft hafi verið samband við hana og athugað hvort að það væri í lagi að heimsfrumsýna Sægreifan á Kirkjubæjarklaustri hún tók vel í það og sá um að hengja upp auglýsingar og athuga hvort að húsnæði væri laust.

### 5. Erindi til Bjarna Einarssonar vegna Böðmóðustungu:

Bjarna langar til að gera rannsóknir á Síðheiðum, Böðmóðustungu. Hann hefur ekki fengið leyfi til þess að gera þessar tilraunir. Minjastofnun hefur staðið í vegi fyrir því að hann fái leyfi til að gera þessar tilraunaholur á þessum slóðum. Hann vill fá stuðningsbréf frá menningarmálanefnd um að sveitasjórn gefi sitt leyfi til að gera þessar tilraunir. Menningarmálanefnd telur að betra væri að leyta til minjastofnunar og athuga hvað það er sem veldur því að hún hefur ekki gefið leyfi fyrir því að hann rannsaki þessar slóðir.

Fundi slitið kl 11:48